

# FREYJA

Höfundur: Ragnheiður Eiríksdóttir  
[www.raggaknits.com](http://www.raggaknits.com)



 **KNITTING  
ICELAND**

## UM FREYJU

FREYJA er létt og ljúf lopapeysa þrjónuð úr hinum stórskemmtilega plötulopa. Munstrið er gömul átta blaða rós tekin úr íslensku Sjónabókinni, þar sem er að finna safn gamalla munstra úr íslensku handverki og list.

Í Norrænni goðafræði er Freyja gyðja ástar, fegurðar og frjósemi. Í dag er Freyja oft notuð sem tákn fósturjarðarinnar og náttúrunnar. Svo er Freyja auðvitað fallett og nokkuð algengt nafn á konu.

Notkun ullarinnar hefur fylgt íslendingum allt frá landnámi. Íslenska sauðkindin hefur haldist eins síðan á þeim tíma en loftslagið hér Norður í Atlantshafi gefur henni sérstak eiginleika. Ullin hefur stutta og langa þræði, þelið sem er fíngert og mjúkt og liggur næst skrokk kindarinnar og tugið á yfirborðinu sem eru langir og sterkir, glansandi þræðir sem hrinda frá sér vatni. Þessi samsetning þráðanna gerir það mögulegt að þrjóna úr ullinni án þess að hún sé fyrst spunin.

Mörgum þrjónurum finnst óvenjulegt að vinna með plötulopa. Þar sem hann er óspunninn, getur þráðurinn slitnað auðveldlega en það er jafnauðvelt að setja hann aftur saman. Þræðirnir loða vel saman, en það er einmitt þess vegna sem það er sérstaklega auðvelt að sauma og klippa peysur til að gera þær opnar, þó svo að þær séu þrjónaðar í hring. Það dugar að hafa eina brugðna lykkju í peysunni miðri að framan til að auðvelda þetta. Þegar þrjónað er úr plötulopa getur þrjónfesta verið mjög mismunandi milli þrjónara. Þess vegna er sérstaklega mikilvægt að byrja á að gera þrjónfestuprúfu.



Stærðir	XS	S	M	L	1X	2X	3X	4X	5X	6X
Yfirvidd	83cm 33"	87cm 34"	95cm 37"	100cm 39"	108cm 42"	118cm 46"	127cm 50"	136cm 53"	145cm 57"	155cm 61"
Ermi að handvegi	43cm 17"	43cm 17"	44cm 17.5"	46cm 18"	46cm 18"	47cm 18.5"	47cm 18.5"	49cm 19"	49cm 19"	49cm 19"
Bolur að handvegi	38cm 15.5"	40cm 16"	42cm 16.5"	43cm 17"	44cm 17.5"	45cm 18"	45cm 18"	45cm 18"	45cm 18"	45cm 18"

Ráð: Prentaðu út uppskriftina og merktu allar tölur sem eiga við stærðina sem þú ætlar að þrjóna.

**Þrjónfesta:** 19 lykkjur / 24 umferðir = 10x10cm í sléttu þrjóni á 4.5mm þrjóna

**Garn:** Plötulopi, 110g á plötu - 100g = ca. 300m :

- Grár Nr.1027 (5) 5 (5) 6 (6) 6 (7) 7 (7) plötur
- Hvítur Nr.0001 - 1 plata.

Þegar kantur er heklaður má bæta við þræði af Shibui silk cloud / Rowan kidsilk / BC kidmohair eða öðru fíngerðu mohair eða glimmergarni.

**Þrjónar:** 80cm hringþrjón nr. 4.5, þrjónar í sömu stærð fyrir minna ummál (sokkþrjónar, minni hringþrjón eða sami þrjón ef magic loop aðferð er notuð).Heklunál nr. 4.

**Annað:** 4 þrjónamerki, javanál, 4 bandspottar. Tala/tölur fyrir peysuna.

## UM UPPSKRIFTINA

Peysan er prjónuð í hring að neðan og upp. Allar lykkjur eru prjónaðar slétt, nema ein brugðin í miðjunni að framan. Þetta er lykkjan sem verður klippt upp í lokin. Peysan er aðeins formuð í mittinu og í henni eru nokkrar stuttar umferðir sem ná yfir bakstykkið. Stuttu umferðirnar lengja peysuna að aftan og hækka hálsmálið, þannig situr flíkin betur. Þegar búkurinn nær upp að handvegi er hann lagður til hliðar og ermarnar prjónaðar. Búkur og ermar eru svo sett saman á hringprjón, nokkrar lykkjur í handveginum geymdar og axlastykkið prjónað. Þegar kemur að munstrinu er notað tvíbandaprjón, haltu þá báðum þráðunum yfir fingurinn með munsturlitinn nær þér. Láttu böndin liggja hæfilega laust á röngunni milli litanna. Þegar búið er að fella af í hálsi eru lykkjur í handvegi lykkjaðar saman. Því næst þarf að klippa upp peysuna. Saumavél er notuð til að sauma tvöfaldan saum sitt hvorum megin við brugðnu lykkjuna á röngunni. Hafðu sporið stutt og beint og alls ekki nota sikk-sakk, það býður upp á skelfileg vandræði. Finndu svo beitt skæri til að klippa upp á milli saumanna. Engan aumingjaskap... þetta er lopi svo það er í góðu lagi að klippa. Að síðustu er svo heklaður kantur utan um jaðrana. Þá getur verið fallett að nota einn þráð af plötulopa og annan af fíngerðu mohair garni eða öðru sterku og loðnu bandi. Smá glimmer sakar nú ekki heldur. Hnappagöt eru búin til í heklaða kantinn. Eftir þetta er ekkert eftir nema að sauma á sætar tölur og fara í peysuna!

## UM TÆKNINA

Þegar tengt er í hring eftir uppfítjun er mikilvægt að lykkjurnar séu ekki snúnar á prjóninum.

Plötulopinn þolir ekki hörkulegt handbragð... hann slitnar of auðveldlega í sundur svo að mikilvægt er að prjónarinn sé afslappaður og mjúkhentur. Ef hann skyldi hins vegar slitna er það ekkert stórmál. Togaðu einfaldlega endana út, leggðu þá saman og nuddaðu milli lófanna. Haltu svo áfram að prjóna eins og ekkert hafi í skorist!

Úrtökur og aukningar í mittinu eru gerðar í samhverfum þörum en í axlastykki er einfaldlega tekið úr með því að prjóna tvær lykkjur saman. Aukningar í mitti eru gerðar á eftirfarandi hátt: Fyrri aukning (hallar til hægri, AuH): lyftu bandinu milli prjónanna upp á vinstri prjóninn, farðu undir bandið aftan frá, prjónaðu framan í bandið. Síðari aukning (hallar til vinstri, AuV): lyftu bandinu milli prjónanna upp á vinstri prjóninn, farðu undir bandið framan frá, prjónaðu aftan í bandið. Á þennan hátt færðu samhverfar og penar aukningar sem skilja ekki eftir göt.

Stuttu umferðirnar til að forma bakstykkið eru gerðar svona: Prjónaðu að fyrri enda stuttu umferðarinnar, snúðu prjónlesinu við og sláðu bandinu upp á prjóninn. Prjónaðu brugðið að hinum enda umferðarinnar, sláðu bandinu um vinstri prjóninn og snúðu prjónlesinu aftur þannig að réttan vísi að þér. Fyrri uppáslátturinn er prjónaður með næstu lykkju til vinstri. Þegar ein lykkja er eftir að seinni uppáslættinum er lykkjan tekin óprjónuð eins og hún væri slétt, uppáslátturinn er tekinn óprjónaður eins og hann væri brugðinn og þessar tvær lykkjur prjónaðar saman gegnum aftari leggina. (Þessa aðferð kalla Elizabeth Zimmermann og Meg Swansen "improved SSK"). Haltu svo áfram að prjóna í hring.

Þegar kanturinn er heklaður er upplagt að nota sköpunargleðina og garnbinginn til að finna fallega samsetningu af lit og áferð. Þú getur notað nánast hvaða garn sem er og hvernig heklunál sem er til þess. Ekki hika við að gera tilraunir – það er alveg hægt að rekja upp ef þarf.

## PRJÓNUM ÞÁ PEYSUNA!

### Skammstafanir:

ÓÓS	taktu 2 lykkjur óprjónaðar, eina í einu, farðu inn í lykkurnar eins og það eigi að prjóna þær slétt (eða þá fyrstu slétt og þá síðari brugðið), prjónaðu lykkjurnar saman gegnum aftari leggina (SSK à ensku)
Úrt2s	tvær lykkjur prjónaðar saman slétt (k2tog à ensku)
AuH	aukning sem hallar til hægri (M1R à ensku)
AuV	aukning sem hallar til vinstri (M1L à ensku)

**Búkurinn:** Fitjaðu upp 169 (177) 192 (202) 221 (240) 258 (275) 292 (311) lykkjur með einföldum plötulopa og 80cm hringprjón. Tengdu í hring og prjónaðu fyrstu lykkjuna brugðna - þetta er miðjulykkjan - allar hinar eru prjónaðar slétt. Merktu 2 miðjulykkjur í hvorri hlið með því að setja prjónamerki sitt hvorum megin við þær. Eftir 5 umferðir er prjónuð stutt umferð sem nær yfir lykkjurnar sem tilheyra bakinu. Snúðu við í hvorri hlið milli prjónamerkjanna. Prjónaðu aðra stutta umferð eftir næstu 5 umferðir. Bættu við einni stuttri umferð í viðbót fyrir stærðir 1X til 6X eftir næstu 5 umferðir. Haltu áfram að prjóna þar til búkurinn mælist 5.5 (6) 6 (7) 9 (9) 9 (10) 10 (10) cm að framan. Byrjaðu á úrtökum fyrir mittið í næstu umferð, sitt hvorum megin við merktu lykkjurnar í hliðunum. Úrtökuumferð: \*þegar tvær lykkjur eru eftir að fyrsta prjónamerkinu, ÓÓS, lyftu prjónamerkinu, prjónaðu 2 lykkjur, lyftu síðara prjónamerkinu, Úrt2s. Endurtaktu í hinni hliðinni. Prjónaðu 5 umferðir. Endurtaktu frá \* þar til úrtökuumferðir eru alls 5 (5) 6 (6) 7 (8) 8 (8) 8 (8). Nú ættu lykkjurnar að vera orðnar 149 (157) 168 (178) 193 (208) 226 (243) 260 (279). Þá er komið að því að klára mótun mittisins með aukningaumferðum: \*prjónaðu að fyrsta prjónamerkinu, AuH, lyftu prjónamerkinu, prjónaðu 2 lykkjur, lyftu síðara prjónamerkinu, AuV. Prjónaðu 5 umferðir. Endurtaktu frá \* þar til aukningumferðir eru alls 2 (2) 3 (3) 3 (4) 4 (4) 4 (4). Haltu áfram þar til búkurinn mælist 38 (40) 42 (43) 44

(45) 45 (45) 45 (45) cm. nú ættu lykkjurnar að vera 157 (165) 180 (190) 205 (224) 242 (259) 276 (295). Leggðu búkinn til hliðar og prjónaðu ermarnar.

**Ermarnar:** Fitjaðu upp 36 (39) 41 (41) 44 (47) 56 (62) 66 (69) lykkjur. Tengdu í hring og settu prjónamerki við byrjun umferðarinnar. Prjónaðu þar til ermin mælist 17 (18) 19 (21) 21 (22) 22 (24) 24 (24) cm. Í næstu umferð eru 2 aukningar gerðar: Eftir fyrstu lykkju umferðarinnar (AuV) og fyrir síðustu lykkju umferðarinnar (AuH). Prjónaðu 5 umferðir. Endurtaktu aukningarnar í 6. hverri umferð svo þær verði alls 6 (6) 6 (7) 8 (10) 10 (10) 10 (10). Nú ættu lykkjurnar að vera orðnar 48 (51) 53 (55) 60 (67) 76 (82) 86 (89). Prjónaðu þar til ermin mælist 43 (44) 45 (46) 46 (47) 47 (49) 49 (49) cm. Settu 7 (8) 9 (10) 10 (12) 11 (12) 12 (12) lykkjur á miðri erminni á aukaband. Þessar lykkjur verða síðar notaðar til að lykkja saman handveginn. Prjónaðu hina ermina eins.

**Bolur og ermar sett saman:** Byrjaðu á að merkja handvegslykkjurnar sitt hvorum megin á bolnum. Notaðu stoppunál og tvo bandspotta. Þræddu band gegnum 7 (8) 9 (10) 10 (12) 11 (12) 12 (12) lykkjur í hvorri hlið. Byrjaðu að prjóna bolinn (hægri hlið að framan). Þegar þú kemur að þræddu lykkjunum eru þær teknar fram af prjóninum. Prjónaðu lykkjurnar af annari erminni, láttu þræddu lykkjurnar á ermi og bol snúa saman. Prjónaðu baklykkjurnar á bolnum og endurtaktu leikinn þegar þú kemur að þræddu lykkjunum í vinstri hliðinni. Kláraðu svo umferðina með því að prjóna restina af lykkjunum á vinstri framhlið bolsins. Nú ættu lykkjurnar að vera orðnar 225 (235) 250 (260) 285 (310) 350 (375) 400 (425).

**Axlastykkið prjónað:** Nú er komið að því að fylgja munstrinu. Prjónaðu fyrstu tvær umferðirnar og svo stutta umferð sem nær yfir baklykkjurnar og 15 lykkjur hvorum megin sem áður tilheyrðu ermunum. Prjónaðu aðra stutta umferð fyrir stærðir 1X to 6X, eftir 3 umferðir. Allar úrtökur í axlastykki eru gerðar með því að prjóna tvær lykkjur slétt saman. Felldu af í háls máli með lausri affellingu.

**Frágangur:** Lykkjaðu saman lykkjur af bol og ermum í handvegi. Best er að setja lykkjurnar upp á tvo sokkaprjóna áður en lykkjað er saman. Gakktu frá öllum endum.

**Saumað og klippt:** Stilltu saumavélina á stutt **beint** spor og saumaðu tvöfaldan saum eftir peysunni endilangri sitt hvorum megin við miðjulykkjuna. Best er að snúa peysunni á rönguna áður en byrjað er að sauma. Klipptu peysuna upp milli saumanna með beittum skærum. Sýndu nú hugrekki, þetta er ekkert mál með lopa!

**Heklaður kantur:** Byrjaðu aftan á hálsmálinu og notaðu einn þráð af plötulopa og einn af fínu mohairgarni. Heklaðu utan um allan kantinn með fastahekli. Heklaðu í 2 af hverjum 3 lykkjum í háls máli og neðri kant peysunnar

en í aðra hvora lykkju í lóðréttu jöðrunum. Heklaðu eins utan um ermaopin í 2 af hverjum 3 lykkjum eða í hverja lykkju ef þú vilt að ermarnar verði útvíðar. Heklaðu aðra umferð og bættu við hnappagötum á viðeigandi stöðum í þeirri umferð. Hnappagat er gert svona: heklaðu að staðnum þar sem hnappagatið á að byrja, heklaðu 2-4 loftlykkjur (fjöldi fer eftir stærð hnappanna), slepptu 2-4 lykkjum og haltu áfram fastahekli fram að næsta stað fyrir hnappagat. Þú ákveður hversu marga hnappa þú notar.

**Þvottur:** Þvoðu peysuna í höndunum með volgu vatni og mildri lопасápu. Leggðu hana flata til þerris á röngunni.

©Ragnheiður Eiríksdóttir 2010


Um þessa uppskrift gilda höfundarréttarlög. Hún er aðeins ætluð til einkanota og má ekki nota í hagnaðarskyni.

[www.raggaknits.com](http://www.raggaknits.com)

[www.knittingiceland.com](http://www.knittingiceland.com)



endurtaka



54  
53 - sleppa í st. XS(S)  
51  
50  
49 - sleppa í st. XS(S)  
48  
47  
46  
45  
44 - sleppa í st. XS(S/M/L)  
43 - sleppa í st. XS(S/M)  
42 - sleppa í st. XS(S/M)  
41  
40  
39  
38  
37  
36  
35  
34  
33  
32  
31  
30  
29  
28  
27  
26  
25  
24  
23  
22  
21  
20  
19 - sleppa í st. XS(S/M/L)1X(2X)  
18  
17  
16  
15  
14  
13  
12  
11  
10  
9  
8  
7 - sleppa í st. XS(S/M/L)1X(2X)3X(4X)  
6 - sleppa í st. XS(S/M/L)1X(2X)3X(4X)  
5 - sleppa í st. XS(S/M/L)1X(2X)3X  
4 - sleppa í st. XS(S/M/L)  
3 - sleppa í st. XS(S/M/L)  
2 - sleppa í st. XS  
1 - sleppa í st. XS

- Hvítur
- Grár
- brugðin lykklja
- Úrt2s
- bara í st. S-L-1X-2X
- engin lykklja